

# STARFSREGLUR

## um biskupafund nr. 964/2006.

### 1. gr.

■ Biskup Íslands boðar vígslubiskupa til biskupafundar, sbr. 19. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og stýrir honum.

### 2. gr.

■ Biskupafundur er haldinn ársfjórðungslega og oftari ef þurfa þykir.

### 3. gr.

■ Biskupafundur fjallar um málefni sem lög, starfsreglur, ályktanir og samþykktir kveða á um varðandi trú og kenningu kirkjunnar, helgisiði og helgihald. Biskupafundur býr mál er varða trú, kenningu, helgisiði og helgihald í hendur kirkjuþings, sbr. 20. gr. laga nr. 78/1997.

### 4. gr.

■ Biskupafundur er haldinn til samráðs um biskupsþjónustuna og upplýsinga um málefni kirkju og kristni.

□ Biskupafundur skipuleggur vísitásiur biskups Íslands og vígslubiskupa og gerir samræmda áætlun um þær.

### 5. gr.

■ Biskupafundur endurskoðar árlega skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Biskupafundur gerir tillögur um þau efni á grundvelli gildandi laga og starfsreglna, þingsályktana og stefnumörkunar kirkjuþings og býr mál er varða breytingar í þeim efnum í hendur kirkjuþings. Biskupafundur fjallar auk þess um allar tillögur um þessi efni sem kunna að berast og býr þær til flutnings á kirkjuþingi eftir því sem málavextir gefa tilefni til og greinir kirkjuþingi frá málsmeðferð.

### 6. gr.

■ Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 19. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2007.

□ Jafnframt falla brott starfsreglur um biskupafund nr. 822/2000 frá sama tíma.